

ÆFINGABÚÐIR MÁLALIÐA FINNAST Í FRAKKLANDI

París, 20. 9. (NTB-Reuters).

Franska öryggislögreglan hélt áfram í dag rannsóknunum sínum á leynilegum herbúðum er fundist hafa í Suður Frakklandi og talið er að notaðar hafi verið til að þjálfa málaliða undir stjórn fyrrverandi forsætisráðherra Kongó, Moise Tshombe.

Talsmaður lögreglunnar hefur sagt að 12 menn hafi verið handteknir, grunaðir um að hafa ráðið evrópska málaliða. Alls voru 30 menn handteknir þegar lögreglan sótti inn í herbúðirnar á laugar daginn og jafnframt voru aðrir menn handteknir í París, en nú sitja aðeins 12 enn í varðhaldi. Mál hefur ekki verið höfðað gegn tólfmenningunum, en í málum sem

þessum mega líða 10 dagar þar til mál er höfðað eða fangar látnir lausir.

Tshombe fv. forsætisráðherra, sem býr nú í Madrid, neitaði því í dag að hann hefði reynt að ráða hermenn í Frakklandi. Þetta er tilbúningur, sem stjórnin í Kins hasa (áður Leopoldville) stendur á bak við, sagði hann. Tshombe var vikið frá völdum í október í fyrra. Hann kom til Parísar í síðustu viku.

Foringjar mannanna, sem handteknir voru í æfingabúðunum, eru Framhald á 15. síðu



Carlsson og kona hans ásamt umboðsmönnum Saab á Íslandi.

Verðið á landbúnaðarafurðum

Reykjavík — KE.

Bláðið hafði síðdegis í gær tal af Sveini Tryggvasyni, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins og spurði hann, hvenær vænta mætti ákvörðunar á verði landbúnaðarvara.

Kvað Sveinn Framleiðsluráð mundu skila niðurstöðum sínum til ríkisstjórnarinnar í dag, en síðan tæki hún ákvörðun um niður greiðslur.

Ók eitt sinn stanzlaust í 96 tíma

Reykjavík. — ÓTJ.

— ÞIÐ gætuð áreiðanlega haldið skemmtilegan kappakstur hérna, sagði sænski ökgarpurinn Erik Carlsson, á fundi með fréttamönnum í gær dag. — Ég er alveg hissa á því að þið skulið ekki nota ykkur alla viðáttuna, bætti kona hans við. — Mér hefur mikið verið sagt um ykkar vondu vegi, en þið ættuð að koma til Afríku.

Þá fyrst fengjuð þið að kynna raunverulegri merkingu orðsins.

Þessi frægu kappaksturshjón eru hingað komin frá SAAB verksmiðjunum ásamt sænskum sölustjóra í tilefni þess að mikil aukning hefur orðið á sölu SAAB bifreiða á Íslandi á þessu ári. Flutti Erik fyrirlestur í Háskólabíói í gærkvöldi, og sýndi kvikmyndir frá Afríku

Safari og Monte Carlo kappakstri. Hann mun svo endurtaka fyrirlesturinn í Borgarbíói á Akureyri í kvöld, miðvikudag.

Þau hjónin sögðu að Afríkubrautin væri mjög erfið en jafnframt mjög skemmtileg. Vegirnir væru svo slæmir á köflum og varla væri með réttu hægt að kalla þá vegi. Og veðrabrigðin geta verið svo

snögg að ágætir vegir eru orðnir gersamlega ófærir eftir svo sem eina klukkustund. Og það er ekki veðrið eitt sem veldur erfiðleikum, það er ekki óalgengt að lenda í „árekstri“ við dýr. Og þá teljast ökumennirnir vera heppnir ef bifreiðin er það lítið skemmd að hægt er að halda áfram. Það kom t. d. einu Framhald á 15. síðu

Haustsýning FÍM opnuð

Reykjavík. — ST.

Félag íslenskra myndlistarmanna opnar í dag hina árlegu Haustsýningu í Listamannaskálan um í Kirkjustræti. Að þessu sinni sýna þar 36 listamenn verk sín, 31 málari og 5 myndhöggvarar. Eins og á fyrri Haustsýningu hefur FÍM boðið einum listamanni

frá Norðurlöndum að taka þátt í sýningunni. Boðsgesturinn á þessari er færeyski málari Ingálfrur av Reyni. Sýnir hann þarna fjögur olíumálverk.

Sjö ungir listamenn taka þátt í sýningunni í fyrsta sinn. Það eru Ólafur Gíslason, sem sýnir sex raderingar og akvatintur, Sig

urjón Jónhannsson, sem á þarna eina mynd í popstíl, Kristín Eyfells, sem sýnir tvær myndir, Ragnheiður Jónsdóttir, sem á þar tvær, og þau Gunnar Bjarnason Sigríður Björnsdóttir, og Mattea

Framhald á 15. síðu

Rússar stofna banka í Sviss

Í OKTÓBER 1964 skutu Rússar á loft í fyrsta sinni mönnuðu geimfari. Hét það Morgunroðinn (Woz chod!). Tveimur árum síðar hófu þeir á Vesturlöndum starfsemi nokkra sem ber sama nafn.

Er hér um að ræða bankastarfsemi. Nú hafa Rússar stofnað banka í Sviss, einu sterkasta vígi kapitalismans. Banki þessi er í Zürich og heitir Verzlunarbanks Morgunroðans hf.


Rússar hófu bankareksturinn með fjárhæð er nam 10 milljónum svissneskra franka. Forstöðumaður fyrirtækisins er Albert Nikolajewitsch Belitsschenko. Lýsti hann því yfir á blaðamannafundi, að aðalmarkmið bankans væri að stuðla að betri og jafnari viðskiptum milli Sovétríkjanna og Sviss svo og annarra vestrænna landa.

Á undanförunum árum hafa Rússar þurft að flytja inn mikið af alls konar vörum, þó aðallega matvörum. Hafa þeir einkum keypt hveiti frá Kanada og Ástralíu. Hörgull á vestrænum gjaldmiðli hefur þó háð viðskiptum þeirra


mjög. En þeir hafa kunnað ráð við því. Eins og kunnugt er, er mikið magn af gulli grafið úr jörðu í Sovétríkjunum og þykir rússneskt gull eitt hið besta í heiminum. Til þess að geta greitt vöruna frá vesturálfu, hafa þeir þurft að selja töluvert magn af gulli. Líta vestrænir fjáraflamenn það illu auga og telja að það geti leitt til þess að verð á gulli lækki almennt á Vesturlöndum og geti jafnframt orsakað gengisbrun á vestrænum gjaldmiðli.

Rússar hafa áður stofnað banka í London, og í Beirut í Libanon. Telja vestrænir stjórnáflamenn banka þessa vera helztu áróðursmiðstöðvar kommúnismans vestan járntrjalds, það séu bankarnir sem borgi áróðursbrúsan.

Þess má að lokum geta, að Rússar hafa reist mjög nýtzkulegt hús yfir bankann í Zürich. Er hann teiknaður af svissneskum arkitekt, og innréttaður eins og aðrar slíkar stofnanir á Vesturlöndum.



Hafsteinn Austmann og Sigurður við eina af myndum boðsgestsins, færeyska málarsins Ingálfrur av Reyni.



Fasteignir

Húsasala

Hef ávallt kaupendur að góðum íbúðum.

Mikil útborgun ef um góðar eignir er að ræða.

Skipasala

Hef ávallt flestar stærðir af fiskiskipum.

**Fasteigna-
miðstöðin**

Austurstræti 12. Sími 14120.

TIL SÖLU:

úrval af öllum stærðum íbúða og einhýlishúsa í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Hafnarfirði.

Eignaskipti oft möguleg.

STEINN JÓNSSON hdl.

FASTEIGNASALA, Kirkjuhvoli
Sími 19090 - 14951

Allsherjarþingið

Framhald af 1 síðu.

lega aðalumnæðuefni þeirra. Á sunnudaginn sagði Arthur Goldberg, aðalfulltrúi Bandaríkjanna hjá SP, að Bandaríkjastjórn mun fara þess á leit við sovétstjórnina að hún eigi þátt í því að efnt verði til viðræðna um lausn Viet namdeilunnar.

Hinn nýkjörni forseti Allsherjarþingsins, er fæddur í Kabul 7. marz 1907 og hlaut menntun sína í London. Hann stundaði ríttstörf um margra ára skeið og var formaður rithöfundasambands lands síns áður en hann gekk í utanríkisþjónustuna. Pashwak hefur verið fastafulltrúi lands síns hjá SP síðan 1958 og nýtur persónulegra vinsælda. Hann er talinn koma til greina sem eftirmaður U Thants..

Hjá SP hefur Pashwak verið kunnur sem fylgismaður hlutleysisstefnu og málsvari réttar allra þjóða til sjálfstæðis og sjálfstjórnar. Pashwak er múhameðstrúar og hindindismaður. Hann er eindreginn andstæðingur hanastélsboða diplómata og hefur sagt að þeim íngum, sem sóað væri í slíkt væri betur varið ef þeir væru látnir renna til sérstofnana SP.


Sýning

Framhald af 3. síðu.

Jónsdóttir, sem sýna þarna eina mynd hvert.

Að undirbúningi sýningarinnar unnu tvær nefndir; önnur skipað þeim Jóhannesi Jóhannessyni, Steinþóri Sigurðssyni, Eiríki Smíth og Hafsteini Austmann, valdi hún málverkin. En hin, skipað þeim Siguríoni Ólafssyni, Guðmundi Benediktssyni, og Magnúsi Á. Árnasyni, valdi höggmyndirnar.

Í gær var sýningarnefnd að hengja upp og ræða höggmyndunum, er fréttamaður blaðsins kom á sýninguna. Kváðust þeir



Fasteignasalan

Hátúni 4 A, Nóatúnshústi
Sími 21870.

Úrval fasteigna við allra hæfi.

Hilmar Valdimarsson,
fasteignaviðskipti
Jón Bjarnason
hæstaréttarlögmaður.

Til sölu í smíðum:

6-7 herbergja endaíbúð við Hraunbæ.

4ra herbergja 110 ferm. íbúð við Hraunbæ.

120 ferm jarðhæð við Skjólbraut á Seltjarnarnesi.

Tilbúnar íbúðir

120 ferm. hæð í þrívílishúsi við Holtsgötu.

3 herbergja rúmgöð kjallaráíbúð við Miðtún.

3-4ra herbergja jarðhæð við Kleppsveg.

**FASTEIGNA
SKRIFSTOFAN**

FRAMH. STRÆTI 17, 4. HÆÐ, SÍMI 174

vona, að þetta væri í síðasta sinn sem sýnt væri í þessum hjalli, er Listamannaskáli nefnist, sýningin verður opin í 3 vikur, frá kl. 10—10 hvern dag.

Saab

Framhald af 3. síðu.

sinni fyrir Erik að hann varð að hætta keppni því að bifreið hans var gersamlega eyðilögð eftir árekstur við dýr. Í annað skipti lenti hann í óskaplegri rigningu og festi SAAB-inn í forarpytti. Sökk bíllinn svo djúpt að þegar aðstoðarökumaðurinn opnaði hurðina sín megin sátu þeir upp undir mitti í vatni. Sem betur fór komu þar að nokkrir negrar sem báru bíllinn á þurrt fyrir 240 krónur og svo óku þeir áfram eins og ekkert hefði í skorist. En negrarnir sátu kyrrir á bakkanum og biðu eftir þeim sem á eftir komu (m. a. Pat Moss) svo að þeir hafa haft góðan skilning þann daginn. Pat Moss sagði frá öðru ævintýri sem hún lenti í í Afríku. — Ég ók Ford þá. Það var kolsvört nótt og hellirigning og ég fór of hratt í eina bevgjuna svo að bíllinn valt. Við slösuðumst sem betur fór ekkert og ég sagði við stúlkuuna sem var með mér að hún

Til sölu

Til sölu:

4ra herbergja íbúð á 2. hæð við Njörvasund. Vandaðar innréttingar — suðursvalir — bílskúrsréttindi — ræktuð lóð. 2ja herbergja íbúð við Ásbraut í Kópavogi, mjög hentug sem einstaklingsíbúð.

Einstaklingsíbúð á 2. hæð við Kleppsveg ný og fullgerð. Ís-skápur í eldhúsi, vélar í þvotta húsi.

Í smíðum:

4ra herbergja íbúðir í Árbæjar hverfi.

Hæðir, 4, 5 og 6 herbergja ásamt bílskúrum, í Kópavogi, seljast fokheldar, fullfrágengið utanhúss.

**FASTEIGNASALAN
HÚS & EIGNIR
BANKASTRÆTI 6
Símar 16637 og 18828.**

skyldi fara fyrir beygjuna og flagga niður bílana sem á eftir kæmu, svo að þeir færu ekki of hratt í líka og lentu á okkar bíl. Sjálf var ég að tína ýmsa hluti úr bílnum þegar vinkona mín sagði hræðslulega: „Það er einhver að koma út úr skóginum Pat náðu í hnifinn. Við stóðum svo þarna skjálfaði af hræðslu og kölluðum kveðjur á negramállyzku út í nóttina. Og ég játa það fúslega að okkur létti mikið þegar við heyrðum írska rödd kalla til okkar: — Þetta er séra Mc-Neil, eruð þið ómeidd? Og við fórum með honum til trúboðs skólans og drukkum þar heitt kaffi og koniák.

— Hvað þurfa menn að hafa til að vinna svona keppni?

— Góðan bíl, sæmlega aksturshæfni og síðast en ekki sízt heppni.

Það getur verið erfitt að aka í kappakstri og þarf til bæði hrausta sál og líkama, sem sjá má af því að það er mjög algengt fyrir kappakstursfólk að sitja við stýrið stanzlaust í 24 tíma. Og þeir eru varla mjög margir sem gætu leikið það eftir Carlson að aka á fullri ferð í níutíu og sex stundir í einni striklotu.

Sænski sölustjórinn skýrði frá því að SAAB verksmiðjurnar væru að undirbúa framleiðslu á nýrri SAAB tegund, í samvinnu við Triumph verksmiðjurnar. Verður hún stærri og með sterkari vél, og algerlega breytt í útliti.

Það er vegna þess að mest seldu bifreiðarnar í Svíþjóð í dag eru þær sem eru í verðflokki tvö til fjögur þúsund krónum fyrir ofan SAAB (sænskum auðvitað) og þótt

SAAB sé nú þriðja mest selda bifreiðin í Svíþjóð vilja verksmiðjurnar hafa líka til bifreiðar í þeim flokki. Að öllum líkindum kemur nýja bifreiðin á götuna 1969.

Umboðsmaður SAAB hér á landi er Sveinn Björnsson.

Æfingabúðir

Frh. 3. síðu.

Thierry de Donnay, forstjóri belgísks fyrirtækis er kallast Amworlds, Luis Thibon, 44 ára gamall höfuðsmaður í franska varaliðinu og George Homquist, bandarískur ríkisborgari, sem búsettur er í Brüssel.

Tshombe sagði, að mál þetta væri grun, sem væri til þess ætluð að dreifa athyglinni frá efnaþagslegum og pólitískum erfiðleikum um Kongó stjórnarinnar. Mér er kennt um allt, sem aflaga fer, sagði hann.

Uppbot.

Framhald af 1 síðu.

Mikil spennan ríkti við þingsetninguna, Fimm þingmenn hins sósíalistíska friðarsinnaflokks, sem fylgjandi eru stofnun lýðveldisins og lögdust gegn giftingu Beatrix krónprinsessu og Klaus prins, sem er Þjóðverji, mættu ekki til þingsetningar. Í hásetisræðu sinni drap Júlíana drottning á unglinga uppbot þau, sem átt hafa sér stað í landinu að undanfögnu.

Svíþjóð

Framhald af 2. síðu.

Í slíkum aukakosningum. Einnig er talið, að kommúnistar yrðu varkárari í þingkosningunum, þar sem þeir hafa heitið því hátfölega að stuðla aldrei að því, að borgara flokkarnir fái völdin.

„Dúfurnar“ telja að fara verði að öllu með gát og að jafnaðar menn verði að nota tímann fram að næstu venjulegu kosningum til rækilegrar sjálfgagnrýni, en það muni gera það að verkum að þeir mæti styrkari til leiks í næstu kosningum undir forystu nýrra manna, með nýjar kosningaaðferðir og reynslunni ríkari. Umræðurnar innan Jafnaðarmannaflokksins

eru mjög heitar eins og sést því, að Gunnar Sträng fjármála ráðherra hefur aflýst fyrirhugaðri ferð sinni til Washington, þar sem hann hugðist sitja fundi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Norðurlönd

Framhald af 2. síðu.

ganga, læknaþjónusta og ýmskonar opinberar framkvæmdir nýttast mun betur með náinni samvinnu hins norska og sænska hluta. Er unnið að ýmis konar samræmingu og hagræðingu norskra og sænskra laga er að þessu lúta.

Þá urðu miklar umræður um sameiginlegt málagn allra Norrænufélaganna. Var ákveðið að reyna að finna grundvöll slíkrar útgáfu og málið sent til afgreiðslu innan stjórnar samtakanna. Einnig var rætt um æskulýðsár Norðurlanda 1967—68. Er áformað að helga því ári uppbyggingu ungmenntasamtaka allra Norðurlanda.

Formaður Norræna félagsins á Íslandi, Sigurður Bjarnason, skýrði frá framkvæmdum við Norræna húsið í Reykjavík. Er áætlað, að byggingu hússins ljúki árið 1968. Fögnuðu fundarmenn mjög þeirri upplýsingum.

Á mótinu var fyrrverandi formaður Norræna félagsins í Finnlandi Karl-Augúst Fagerholm, útnefndur heiðursmeðlimur samtakanna. Erik Eriksson, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, var kosinn formaður samtakanna næsta starfsár.

Næsti aðalfundur Samtaka Norrænu félaganna verður haldinn í Danmörku í október 1967.

Fyrsta listmuna- uppboð haustsins

Sigurður Benediktsson heldur í dag kl. 5 fyrsta málverkauppboð sitt í vetur. Margt merkra málverka verður selt að þessu sinni og má þar til dæmis nefna verk eftir Kjarval, Þorvald Skúlason, Gunnlaug Scheving, Guðmund Thorsteinsson (Mugg), Ásgrím Jónsson, Þórarinn B. Þórláksson og Jón Stefánsson.

ALÞYÐUBLADIÐ

VILL RÁÐA

blaðamann



Veitingahúsið

ASKUR

SUDURLANDSBRAUT 14

BÝÐUR YÐUR

heitar og kaldar samlokur
(Munið: Samlokur í ferðalagið).

SÍMI 38-550.